

Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2005

Catch, value and processing of catch 2005

Samantekt

Á árinu 2005 var afli íslenskra skipa tæp 1.669 þúsund tonn sem er 59 þúsund tonnum minni afli en árið 2004. Aflaverðmæti var svipað og fyrra ár eða tæpir 68 milljarðar króna. Unnið var úr stærstum hluta fiskaflans á Austurlandi og einnig var mesta magninu landað þar. Uppistaða þess afla var uppsjávarfiskur. Verðmætasti aflinn fór til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu að virði 12,8 milljarðar króna. Þangað fór einnig stærsti hluti botnfiskaflans til vinnslu eða tæplega fjórðungur botnfisks. Af þorskaflanum fór mest í salt og ýsuaflinn sem var meiri en nokkru sinni fyrr, var mikið til frystur í landi. Frysting síldar jókst frá árinu 2004 og er nú æ stærri hluti síldaraflans frystur annað hvort á landi eða á sjó.

Töfluverkið í þessu hefti byggir á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum. Umfjöllun um afla og aflaverðmæti er byggist á vigtarskýrslum en verkun aflans á ráðstöfunarskýrslum.

Heildarafli íslenskra skipa


Fiskaflinn var tæp 1.669 þúsund tonn og dróst saman um 3,4%

Heildarafli íslenskra skipa árið 2005 nam tæpum 1.669 þúsund tonnum og dróst saman um 59 þúsund tonn frá árinu 2004 en þá var aflinn tæp 1.728 þúsund tonn. Nemur samdrátturinn 3,4%. Afli uppsjávarfisks dróst saman milli ára, aðallega kolmunni sem dróst saman um 37% frá fyrra ári. Aukning varð hins vegar bæði í afla norsk-íslenskrar síldar var 57% og loðnu um 15%. Skel- og krabbadýraafli hélt áfram að dragast saman og nam 14 þúsund tonnum árið 2005 samanborið við 33 þúsund tonn ári áður. Sem fyrr var það samdráttur í rækjuafli sem skýrir þennan mikla mun en einnig var kúfiskveiði mjög dræm. Botnfiskaflinn var svipaður og árið 2004 og nam 29% af heildarafla. Þó gætti samdráttar í þorskafla og afla úthafskarfa en aukning varð í afla ýsu og karfa. Flatfiskaflinn dróst saman um 12% milli ára og munar þar mestu um minni grálúðuafla. Árið 2005 nam flatfiskaflinn 1,6% af heildaraflanum.



Mynd 1. Heildaraflí íslenskra fiskiskipa 1985–2005

Figure 1. Total catch of Icelandic vessels 1985–2005



Aflaverðmæti


Aflaverðmætið 68 milljarðar króna og er sem næst óbreytt

Aflaverðmæti ársins 2005 var tæplega 68 milljarðar króna á verðlagi ársins og lækkaði einungis um 55 milljónir. Sé hins vegar reiknað yfir á fast verðlag þá er aflaverðmæti ársins 2005 1.750 milljónum króna hærra en aflaverðmæti ársins 2004. Með föstu verðlagi er átt við að verðmæti áranna 1997 til 2004 er reiknað til verðlags 2005 með verðvísitölu heildarafla.

Vægi fisktegunda snýst við þegar litið er á hlutdeild þeirra í aflaverðmæti annars vegar og aflamagni hins vegar. Uppsjáartegundir sem bera uppi aflann að tveimur þriðju hlutum, vega um 21% af verðmæti landaðs afla, en verðmæti botnfisktegundanna hins vegar 70% af heildinni þó að magni til nái þær aðeins 29%. Bæði skel- og krabbadýr og flatfiskur vega einnig meira í aflaverðmæti en magnhlutfallið segir til um.


Mynd 2. Verðmæti heildarafla 1997–2005 á verðlagi ársins 2005

Figure 2. Value of total catch 1997–2005 at 2005 prices



Mynd 3. Hlutfall afla og aflaverðmætis 2005

Figure 3. Proportion of catch and catch value 2005



Yfirlit 1. Breyting í magni og meðalverði á helstu tegundum

Summary 1. Changes in volume and average price of major species

	Tonn Tonnes 2004	Tonn Tonnes 2005	Mism. tonn Diff. tonnes	Mism. % Diff. %	Meðalv. Aver. price 2004	Meðalv. Aver. price 2005	Meðalv. Diff. %
Heildaraflí Total catch	1.727.785	1.668.927	-58.858	-3,4	39,34	40,70	3,4
Botnfiskur Demersal catch	492.246	491.316	-930	-0,2	96,32	96,09	-0,2
Þorskur Cod	227.258	212.456	-14.802	-6,5	123,12	117,31	-4,7
Ýsa Haddock	84.563	96.580	12.017	14,2	90,59	91,96	1,5
Ufsi Saithe	62.965	67.737	4.771	7,6	44,12	45,56	3,3
Karfi Redfish	47.688	61.535	13.847	29,0	77,99	88,83	13,9
Úthafskarfi Oceanic redfish	36.826	16.005	-20.821	-56,5	71,62	104,09	45,3
Flatfiskafli Flatfish catch	31.154	27.296	-3.858	-12,4	197,46	185,98	-5,8
Grálúða Greenland halibut	15.479	13.021	-2.458	-15,9	251,80	233,11	-7,4
Skarkoli Plaice	5.693	5.794	100	1,8	179,91	164,28	-8,7
Uppsjávarafli Pelagic catch	1.171.526	1.135.927	-35.599	-3,0	10,17	12,44	22,3
Síld Herring	121.577	102.967	-18.610	-15,3	19,45	19,31	-0,7
Norsk-íslensk síld Norwegian spring-spawning herring	102.788	161.693	58.905	57,3	21,26	31,92	50,1
Loðna Capelin	515.581	594.632	79.051	15,3	7,82	8,46	8,1
Loðnuhrogn Capelin roe	9.505	10.428	922	9,7	53,31	43,10	-19,2
Kolmunni Blue whiting	422.074	265.890	-156.184	-37,0	6,68	5,60	-16,2
Skel- og krabbadýraafli Shellfish catch	32.678	14.036	-18.642	-57,0	76,21	106,66	40,0
Humar Lobster	1.437	2.031	593	41,3	283,28	285,79	0,9
Rækja Shrimp	20.001	8.657	-11.343	-56,7	100,76	100,54	-0,2

Yfirlit 2. Aflaverðmæti helstu tegunda og breyting á milli ára
Summary 2. Catch value of major species and changes from previous year

	Millj. kr. <i>Million ISK</i>	Millj. kr. <i>Million ISK</i>	Mism. millj.kr. <i>Diff. mill. ISK</i>	Mism % <i>Diff. %</i>
	2004	2005		
Heildarverðmæti <i>Total value</i>	67.975	67.920	-55	-0,1
Botnfiskur <i>Demersal catch</i>	47.413	47.209	-203	-0,4
Þorskur <i>Cod</i>	27.979	24.924	-3.055	-10,9
Ýsa <i>Haddock</i>	7.660	8.881	1.221	15,9
Ufsi <i>Saithe</i>	2.778	3.086	308	11,1
Karfi <i>Redfish</i>	3.719	5.466	1.747	47,0
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	2.637	1.666	-971	-36,8
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	6.152	5.077	-1.075	-17,5
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	3.898	3.035	-862	-22,1
Skarkoli <i>Plaice</i>	1.024	952	-72	-7,1
Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i>	11.910	14.128	2.218	18,6
Síld <i>Herring</i>	2.364	1.988	-376	-15,9
Norsk-íslensk síld <i>Norwegian spring-spawning herring</i>	2.186	5.161	2.975	136,1
Loðna <i>Capelin</i>	4.033	5.031	997	24,7
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	507	449	-57	-11,3
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	2.820	1.490	-1.331	-47,2
Skel- og krabbadýraafli <i>Shellfish catch</i>	2.491	1.497	-993	-39,9
Humar <i>Lobster</i>	407	580	173	42,5
Rækja <i>Shrimp</i>	2.015	870	-1.145	-56,8
Hörpudiskur <i>Scallop</i>	-	-	-	-

Þorskur

Þorskaflí dróst saman um 15 þúsund tonn í magni og 3,1 milljarð króna í virði

Þorskaflinn nam tæplega 13% heildaraflans, eða rúmlega 212 þúsund tonnum sem er tæplega 15 þúsund tonna samdráttur frá 2004. Aflinn af fjarlægum miðum var 2,9% heildarþorskaflans, eða 6.080 tonn, sem er ríflega 1.100 tonnum minna en árið 2004.

Þorskurinn er sem fyrr verðmætasta fisktegundin en aflaverðmæti þorsks nam tæpum 25 milljörðum árið 2005 eða um 37% af heildaraflaverðmæti. Aflaverðmæti þorsks dróst saman milli ára um tæplega 3,1 milljarð króna eða 10,9%. Meðalverð þorsks lækkaði einnig, fór úr 123 kr/kg í 117 kr/kg upp úr sjó eða um 4,7%. Ríflega 62% þorskaflans var seldur í beinum viðskiptum, þ. e. þegar útgerð selur milliliðalaust til vinnslustöðvar. Verð í slíkum viðskiptum lækkaði um 5,5% frá árinu 2004, fór í 102 kr/kg. Í sjófrystingu fóru 15,3% þorskaflans og þar hækkaði verð milli ára. Hins vegar varð örlítill verðlækkun milli ára á innlendum markaði þar sem 17,2% þorskaflans voru seld.

Yfirlit 3. Viðskipti með þorsk 2003–2005
Summary 3. Cod trading 2003–2005


	2003	2004	2005
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	122.664	138.831	132.605
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	59,4	61,1	62,4
Verð (kr/kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	112,15	109,90	101,60
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	1,43	-2,0	-7,5
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg.)¹</i>	101,23	107,49	101,60
Breyting milli ára % <i>Change from previous year %</i>	9,9	6,2	-5,5
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	39.045	39.205	32.479
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	18,9	17,3	15,3
Verð (kr/kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	142,77	145,15	151,72
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	-19,30	1,7	4,5
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg.)¹</i>	128,87	141,97	151,72
Breyting milli ára % <i>Change from previous year %</i>	-12,6	10,2	6,9
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	36.424	37.480	36.489
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	17,6	16,5	17,2
Verð (kr/kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	147,80	138,30	133,39
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	-6,22	-6,4	-3,5
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg.)¹</i>	133,41	135,26	133,39
Breyting milli ára % <i>Change from previous year %</i>	1,6	1,4	-1,4

¹ Meðalverð (kr/kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2005. *Average price (ISK pr. kg) at 2005 prices.*

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*


Mynd 4. Þorskafli 1985–2005

Figure 4. Cod catch 1985–2005




Mynd 5. Meðalverð þorsks eftir mánuðum 2005

Figure 5. Average price of cod by months in 2005



Mynd 6. Veðarfæraskipting þorskafila 1987–2005

Figure 6. Catch of cod by fishing gear 1987–2005




Ýsa



Aldrei hefur jafnmikið af ýsu borist á land

Árið 2004 var slegið aflamet þegar tæp 85 þúsund tonn bárust á land af ýsu. Árið 2005 féll þetta fyrra met en þá var landað tæpum 97 þúsund tonnum. Það er því óhætt að segja að ýsuveiðar hafi gengið vel að undanfögnu. Verðmæti ýsuaflans nam tæpum 8,9 milljörðum sem er 15,9% aukning milli ára. Meðalverð ýsu jókst um 1,5% frá árinu 2004 en milli áráanna 2003 og 2004 hafði meðalverð lækkað um 6,8%, hvort tveggja á verðlagi hvors árs fyrir sig. Tæpur þriðjungur ýsu var seldur í beinum viðskiptum og jukust slík viðskipti með ýsu milli ára. Á innlenda markaði fór 26% af ýsuaflanum og 18,6% í gámaviðskipti. Verð í beinum viðskiptum hækkaði milli ára um 6,5%, var 58 kr/kg. Í sölu á innlendan markað hækkaði verð um 4,3% fór í 89 kr/kg og einnig hækkaði verð í gámaviðskiptum sem nam 1,6%, var 123 kr/kg árið 2005.

Yfirlit 4. Viðskipti með ýsu 2003–2005*Summary 4. Haddock trading 2003–2005*

	2003	2004	2005
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	14.238	22.848	30.270
% af heildarýsuafla <i>% of total haddock catch</i>	23,6	27,0	31,3
Verð (kr/kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	79,42	55,67	57,96
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	-18,6	-29,9	4,1
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg.)¹</i>	71,68	54,44	57,96
Breyting milli ára % <i>Change from previous year %</i>	-11,8	-24,0	6,5
Gámaviðskipti <i>Trading in containers</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	8.208	16.410	17.951
% af heildarýsuafla <i>% of total haddock catch</i>	13,6	19,4	18,6
Verð (kr/kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	117,91	123,37	122,6
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	-28,2	4,6	-0,7
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg.)¹</i>	106,43	120,67	122,60
Breyting milli ára % <i>Change from previous year %</i>	-22,2	13,4	1,6
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	21.088	22.666	25.108
% af heildarýsuafla <i>% of total haddock catch</i>	35,0	26,8	26,0
Verð (kr/kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	93,12	87,23	88,99
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	-37,5	-6,3	2,0
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg.)¹</i>	84,05	85,32	88,99
Breyting milli ára % <i>Change from previous year %</i>	-32,3	1,5	4,3

¹ Meðalverð (kr/kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2005. *Average price (ISK pr. kg) at 2005 prices.***Heimild Source:** Vigtarskýrslur. *Weight reports.***Mynd 7. Ýsuaflí 1985–2005***Figure 7. Haddock catch 1985–2005*

Mynd 8. Meðalverð ýsu eftir mánuðum 2005*Figure 8. Average price of haddock by months in 2005***Mynd 9. Veðarfæraskipting ýsuafla 1987–2005***Figure 9. Catch of haddock by fishing gear 1987–2005***Ufsi**

Ufsaafliinn heldur áfram að aukast og verðmætið með

Ufsaafliinn nam tæpum 68 þúsund tonnnum og jókst um tæp 5 þúsund tonn milli ára. Ufsaafliinn hefur verið að aukast talsvert undanfarin ár eftir minnkandi afla á seinni hluta 10. áratugarins. Aflaverðmæti ufsa jókst um 11,1% frá fyrra ári og nam tæplega 3,1 milljarði króna. Meðalverð ufsa hækkaði um 3,3% og var hvert kíló á tæpar 46 kr. Um 49% ufsaflans var frystur um borð og þar hækkaði verð um 4,3%. Í beinum viðskiptum voru 41% aflans seld og þar varð örlítill lækkun á meðalverði. Töluvert minna af aflanum fór á innlenda markaði eða 8,5% samanborið við 13,6% árið 2004. Meðalverð í þessum viðskiptum jókst hins vegar um 8,2% milli ára.

Yfirlit 5. Viðskipti með ufsa 2003–2005

Summary 5. Saithe trading 2003–2005


	2003	2004	2005
Bein viðskipti Direct trade			
Magn (tonn) Quantity (tonnes)	22.925	25.107	27.717
% af heildarufsafla % of total saithe catch	44,1	39,9	40,9
Verð (kr/kg) Price (ISK pr. kg.)	41,02	35,54	34,58
Verðbr. frá fyrra ári % Price change from previous year, %	-8,7	-13,4	-2,7
Raunverð ¹ Real price (ISK pr. kg.) ¹	37,03	34,76	34,58
Breyting milli ára % Change from previous year %	-1,1	-6,1	-0,5
Sjófryst Frozen at sea			
Magn (tonn) Quantity (tonnes)	21.024	27.489	33.166
% af heildarufsafla % of total saithe catch	40,5	43,7	49,0
Verð (kr/kg) Price (ISK pr. kg.)	74,20	55,17	56,29
Verðbr. frá fyrra ári % Price change from previous year, %	-8,8	-25,7	2,0
Raunverð ¹ Real price (ISK pr. kg.) ¹	66,98	53,96	56,29
Breyting milli ára % Change from previous year %	-1,2	-19,4	4,3
Innlendir markaðir Trading on domestic markets			
Magn (tonn) Quantity (tonnes)	7.506	8.602	5.724
% af heildarufsafla % of total saithe catch	14,5	13,7	8,5
Verð (kr/kg) Price (ISK pr. kg.)	36,97	30,10	31,85
Verðbr. frá fyrra ári % Price change from previous year, %	-32,8	-18,6	5,8
Raunverð ¹ Real price (ISK pr. kg.) ¹	33,37	29,44	31,85
Breyting milli ára % Change from previous year %	-27,2	-11,8	8,2

¹ Meðalverð (kr/kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2005. Average price (ISK pr. kg) at 2005 prices.

Heimild Source: Vigtarskýrslur. Weight reports.


Mynd 10. Ufsaafli 1985–2005

Figure 10. Saithe catch 1985–2005



Mynd 11. Meðalverð ufsa eftir mánuðum 2005

Figure 11. Average price of saithe by months in 2005




Karfi

Karfaafli jókst um tæplega þriðjung og verðmætið um tæpan helming

Karfaaflinn jókst um 29% frá árinu 2004 og nam tæpum 62 þúsund tonnum árið 2005. Aflaverðmæti var 5,5 milljarðar sem er tæplega helmingshækkun frá fyrra ári. Meðalverð var 89 kr/kg og hækkaði um 13,9%. Stærsti hluti karfans er sjófrystur eða 45% og þar hækkaði verð um tæp 36%, fór í 100 kr/kg. Um 26% aflans voru seld í beinum viðskiptum og hefur það hlutfall dregist örlítið saman. Ríflega 20% karfaafans fóru í gáma sem er svipað og ári áður. Verð í beinum viðskiptum jókst meðan verðlækkun varð í gámaviðskiptum.

Mynd 12. Karfaafli 1985–2005

Figure 12. Redfish catch 1985–2005



Yfirlit 6. Viðskipti með karfa 2003–2005

Summary 6. Redfish trading 2003–2005


	2003	2004	2005
Bein viðskipti Direct trade			
Magn (tonn) Quantity (tonnes)	20.314	15.276	16.217
% af heildarkarfaafla % of total redfish catch	32,4	32,0	26,4
Verð (kr/kg) Price (ISK pr. kg.)	52,03	44,74	49,65
Verðbr. frá fyrra ári % Price change from previous year, %	-5,3	-14,0	11,0
Raunverð ¹ Real price (ISK pr. kg.) ¹	46,97	43,76	49,65
Breyting milli ára % Change from previous year %	2,6	-6,8	13,5
Gámaviðskipti Trading in containers			
Magn (tonn) Quantity (tonnes)	8.085	9.532	12.564
% af heildarkarfaafla % of total redfish catch	12,9	20,0	20,4
Verð (kr/kg) Price (ISK pr. kg.)	125,16	131,27	120,27
Verðbr. frá fyrra ári % Price change from previous year, %	-18,4	4,9	-8,4
Raunverð ¹ Real price (ISK pr. kg.) ¹	112,98	128,40	120,27
Breyting milli ára % Change from previous year %	-11,6	13,6	-6,3
Sjófryst Frozen at sea			
Magn (tonn) Quantity (tonnes)	29.304	17.469	27.474
% af heildarkarfaafla % of total redfish catch	46,7	36,6	44,6
Verð (kr/kg) Price (ISK pr. kg.)	84,01	75,39	99,99
Verðbr. frá fyrra ári % Price change from previous year, %	-11,7	-10,3	32,6
Raunverð ¹ Real price (ISK pr. kg.) ¹	75,83	73,74	99,99
Breyting milli ára % Change from previous year %	-4,4	-2,8	35,6

¹ Meðalverð (kr/kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2005. Average price (ISK pr. kg) at 2005 prices.

Heimild Source: Vigtarskýrslur. Weight reports.

Mynd 13. Meðalverð karfa eftir mánuðum 2005

Figure 13. Average price of redfish by months in 2005



Úthafskarfi

Úthafskarfaaflinn dróst saman um 57% og verðmætið um 37%

Úthafskarfaaflinn heldur áfram að dragast saman og nam árið 2005 16 þúsund tonnum samanborið við tæp 37 þúsund tonn árið áður. Aflaverðmætið var tæpir 1,7 milljarðar sem er 37% samdráttur frá árinu 2004. Meðalverð úthafskarfa var 104 kr/kg en árið 2004 var meðalverð 72 kr/kg. Nánast allur úthafskarfi var frystur um borð.


Grálúða

Grálúðuaflinn heldur áfram að dragast saman

Grálúðuaflinn var 13 þúsund tonn árið 2005 sem er 16% minni afli en árið áður en hann hefur verið að dragast saman eftir að hafa aukist jafnt og þétt frá 1998 til 2003. Heildarverðmæti grálúðuaflans var 3 milljarðar sem er 22% minna en 2004. Meðalverð grálúðu lækkaði úr 252 kr/kg árið 2004 í 233 kr/kg árið 2005. Grálúðan fór því sem næst öll í sjófrystingu.

Mynd 14. Grálúðuafli 1985–2005


Figure 14. Greenland halibut catch 1985–2005



Rækja


Samdráttur mikill í rækjuafli

Rækjuafli á árinu 2005 var tæplega 8.700 tonn samanborið við 20 þúsund tonn ári fyrr. Ársafli rækju hefur ekki verið lakari í tæpan aldarfjórðung. Tæplega helmingur rækjuafans kom af Flæmingjagrunni eða um 4.200 tonn. Aflaverðmæti rækju var 870 milljónir króna sem er yfir milljarði minna en árið 2004. Meðalverð rækju hélst nánast óbreytt, tæp 101 kr/kg.

Mynd 15. Rækjuafli 1985–2005*Figure 15. Shrimp catch 1985–2005***Loðna**


*Loðnuaflinn jókst um 15% og
verðmætið um fjórðung*

Vægi loðnunnar í heildarafla jókst á árinu 2005 og nam um 36% eða um 595 þúsund tonnum. Loðnuaflinn jókst um 15,3% milli ára. Hafa ber í huga að loðnuafli almanaksársins nær yfir hluta af tveimur vertíðum, seinni helming einnar vertíðar og fyrri helming þeirrar næstu. Magn landaðra loðnuhrognna var rúm 10 þúsund tonn og jókst um 9,7%. Aflaverðmæti loðnu var 5 milljarðar króna sem er fjórðungshækkun frá árinu áður en verðmæti loðnuhrognna lækkaði og nam 449 milljónum króna. Meðalverð loðnu hækkaði úr 7,82 kr/kg í 8,46 kr/kg milli ára en meðalverð loðnuhrognna lækkaði um 19%, fór í 43,10 kr/kg 2005.

Mynd 16. Loðnuafli (loðna og loðnuhrogn) 1985–2005*Figure 16. Capelin catch (capelin and capelin roe) 1985–2005*

Mynd 17. Veðarfæraskipting loðnuafla 1987–2005

Figure 17. Catch of capelin by fishing gear 1987–2005



Kolmunni



Samdráttur í kolmunnaafli milli ára var 37%

Kolmunnaaflinn var 266 þúsund tonn sem er 156 þúsund tonnum minna en árið 2004. Hlutfall kolmunnaaflans sem veiddist á Íslandsmiðum var 55% sem er töluvert lægra en árið 2004 þegar hlutur þess afla nam 80%. Aflaverðmætið nam 1,5 milljörðum króna sem er tæplega helmingi minna en 2004 þegar verðmæti kolmunnaaflans var 2,8 milljarðar. Meðalverð á kolmunna lækkaði um 16% og nam 5,60 kr/kg. Á árinu 2005 náðust samningar milli veiðipjóða um skiptingu kolmunnaaflans en fram að því höfðu íslensk stjórnvöld gefið einhliða út aflahámark fyrir íslensk skip.

Síld

Tæp 90% síldaraflans er frystur

Síldaraflanum í þessu hefti er skipt í síld og norsk-íslenska síld. Af síld, þ. e. íslenskri sumargotssíld, veiddust 103 þúsund tonn sem er tæpum 19 þúsund tonnum minna en árið 2004. Aflaverðmætið dróst saman um 16% og nam árið 2005 tæpum 2 milljörðum króna. Meðalverð síldar er nánast það sama og árið 2004 eða rúmar 19 kr/kg. Stærri hlutur aflans árið 2005 fór í frystingu en árið áður. Árið 2005 var 38% af aflanum fryst um borð og 51% fór í landfrystingu en árið 2004 var 31% aflans sjófryst og 43% fryst í landi. Að sama skapi hefur dregið verulega úr bræðslu síldaraflans en 7,2% aflans voru brædd miðað við 15,6% árið 2004.

Mynd 18. Síldaraflí 1985–2005*Figure 18. Herring catch 1985–2005***Mynd 19. veiðarfæraskipting síldarafla 1987–2005¹***Figure 19. Catch of herring by fishing gear 1987–2005¹*¹ Síld og norsk-íslensk síld Herring and Norwegian spring-spawning herring.**Norsk-íslensk síld**

Afli jókst um 57% og verðmætið um 136%

Hér er fjallað um norsku vorgotssíldina sem flakkar á milli Íslands og Noregs í Norður-Atlantshafi. Hér á landi gengur stofn þessi undir nafninu norsk-íslensk síld og verður það nafn notað í þessu riti. Árið 2005 var sextánda árið sem Íslendingar veiða úr þessum stofni eftir næstum því þriggja áratuga hlé. Afli norsk-íslensku síldarinnar jókst milli ára um 57% og var árið 2005, 161 þúsund tonn. Aflaverðmætið nam rúmum 5 milljörðum sem er 3 milljörðum meira en árið 2004. Meðalverð norsk-íslensku síldarinnar hækkaði einnig töluvert milli ára, fór úr 21 kr/kg í 32 kr/kg. Árið 2005 var 75% aflans ráðstafað í frystingu en árið áður var þetta hlutfall 57%

Veiðar á fjarlægum miðum

Fram til ársins 2002 veiddist norsk-íslensk síld ekki innan íslenskrar fiskveiðilögsögu en undanfarin ár hefur afli hennar aukist á því svæði. Hins vegar skráist öll norsk-íslenska síldin utan íslenskrar lögsögu. Þetta vandamál á rætur að rekja til skráningar í vigtar- og ráðstöfunarkerfi Fiskistofu. Undanfarin ár hefur farið fram vinna við bætt löndunarkerfi sem mun leiðrétta slíkt. Árið 2005 veiddist yfir fjórðungur afla norsk-íslensku síldarinnar innan íslensku lögsögunnar samkvæmt upplýsingum Fiskistofu.¹ Hafa ber þetta í huga þegar athugaðar eru tölur sem innihalda upplýsingar um fiskveiðisvæði.

Um 293 þúsund tonn fengust á fjarlægum miðum

Afli af fjarlægum miðum þ. e. a. s. utan Íslandsmiða nam 293 þúsund tonnum sem eru 18% heildarafla íslenskra skipa. Þar af voru 5.200 tonn veidd í norski fiskveiðilögsögu, 2.100 tonn í rússneskri lögsögu og tæp 4.200 tonn á Flæmingjagrunni. Það sem eftir stendur skráist á önnur veiðisvæði en hafa ber í huga ofangreind atriði varðandi norsk-íslensku síldina í þeim efnum, en allur afli norsk-íslenskrar síldar, 161 þúsund tonn er skráður undir “önnur veiðisvæði”. Kolmunnaafliinn utan íslenskrar fiskveiðilögsögu nam 119 þúsund tonnum.

Verðmæti afla af fjarlægum miðum 7,3 milljarðar króna

Aflaverðmæti af fjarlægum miðum nam alls 7,3 milljörðum króna eða 10,7% af heildaraflaverðmæti íslenskra skipa. Verðmæti afla norsk-íslenskrar síldar nam 5,2 milljörðum og verðmæti kolmunnaaflans var 670 milljónir króna. Í norski lögsögu veiddist afli að verðmæti 671 milljón króna sem var aðallega þorskur. Í rússneskri lögsögu nam aflaverðmætið 294 milljónir, einnig að mestu þorskur og á Flæmingjagrunni var veidd rækja að verðmæti 464 milljónir króna.

Afli eftir kvótaflokkum skipa

Skuttogarar veiddu ríflega helming botnfisksaflans

Skip í kvótaflokknum “skuttogarar” veiddu 38% heildaraflans árið 2005 eða sem nam 633 þúsund tonnum. Botnfiskafli þessara skipa var 262 þúsund tonn sem er ríflega helmingur alls botnfiskafla, þar af var þorskafla 81 þúsund tonn sem er 38% þorskaflans. Flatfiskaflinn var 13 þúsund tonn eða 47% flatfiskaflans og að megni til grálúða. Uppsjavaflafla var 351 þúsund tonn eða 31% af afla uppsjavarfisks og rækjuafli skuttogara nam 74% af heildarrækjuafla, var 6.400 tonn.

Skip með aflamark veiddu 57% heildaraflans

Skip með aflamark lönduðu 953 þúsund tonnum árið 2005 sem er 57% af heildarafla það árið. Þá var botnfiskafli skipanna 148 þúsund tonn eða 30% af afla botnfisks. Þorskafla skipa með aflamark var rúm 81 þúsund tonn eða 38% þorskaflans. Hlutdeild skipa með aflamark í uppsjavafla var 69%.

Heildarafli smábáta 83 þúsund tonn

Kvótaflokkar smábáta eru þrír talsins, smábátar með sóknardaga, smábátar með aflamark og krókaafلامarksbátar. Samanlagður afli báta í þessum flokkum var 83 þúsund tonn eða 5% heildaraflans. Þorskafla þessara báta nam 49 þúsund tonnum sem er 23% þorskaflans. Ekki verður fjallað um aflabrögð sóknardagabáta þar sem þeir voru færðir inn í aflamarkskerfið á árinu 2005 og sóknardagaafli þeirra því takmarkaður.

¹ Sjá heimasíðu Fiskistofu http://fiskistofa.is/skjol/aflatolur/efrir_veidisvaedum/norsk_isl_sild_1994_2006.pdf (Sótt 22.06.2006)

Afli smábáta með aflamark var 16 þúsund tonn

Afli smábáta með aflamark var 16 þúsund tonn og þar af var þorskur tæp 11 þúsund tonn sem er 5% þorskaflans. Ýsuaflinn var rúm 1.700 tonn og afli skötusels nam 945 tonnum sem er yfir helmingur þess afla.

Krókaaflamarksbátar veiddu rúm 38 þúsund tonn af þorski

Alls lönduðu krókaaflamarksbátar rúmum 66 þúsund tonnum og var 58% þess afla þorskur eða rúm 38 þúsund tonn. Það eru 18% af heildarafla þorsks. Ýsuaflí þessara báta var tæp 19 þúsund tonn og yfir 2/3 hlutar steinbítsafla var landað af krókaaflamarksbátum eða 4.800 tonn.

Aflaverðmæti eftir tegund löndunar

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu er jafnhátt og aflaverðmæti sjófrystingar

Árið 2005 nam verðmæti þess afla sem seldur var í beinni sölu útgerðar til vinnslustöðva 26 milljörðum króna sem er 10% samdráttur frá árinu 2004. Hluttur verðmætis slíkra aflaviðskipta er um 37% af heildaraflaverðmæti sem er jafnhátt hlutfall og verðmæti sjófrystingar. Verðmæti sjófrystra afurða var 25 milljarðar og jókst um 16% milli ára. Verðmæti fisks sem fluttur var óunninn út í gámum var 6,6 milljarðar sem er 3,7% meira en ári áður. Aflaverðmæti fisks sem keyptur var á markaði til endurvinnslu innanlands var 9 milljarðar sem er svipað og 2004. Verðmæti afla sem keyptur var á fiskmarkaði og sendur út í gámum var rúmur milljarður sem er 13% aukning frá árinu 2004. Ekkert var sjófryst til endurvinnslu innanlands árið 2005.

Staðsetning löndunar – hvar var fiskinum landað?

Mestu landað á Austfjörðum en minnstu á Vestfjörðum

Af þeim 1.670 þúsund tonnum sem landað var af íslenskum skipum árið 2005 var mestu landað á Austurlandi eða tæpum 724 þúsund tonnum. Það eru 43% af heildaraflanum. Næst mestu var landað á Suðurlandi, 227 þúsund tonnum eða tæpum 14% af heildarafla. Minnstum afla var landað á Vestfjörðum, 54 þúsund tonnum sem eru 3,2% heildaraflans.

Þorskaflinn skiptist jafnt á milli fjögurra stærstu landsvæðanna

Stærstum hluta botnfisks var landað á höfuðborgarsvæðinu, 86 þúsund tonnum eða rúmum 17% botnfiskaflans. Þar var einnig landað mest af ufsa, tæpum 20 þúsund tonnum, karfa 24 þúsund tonnum og af úthafskarfa rúmum 11 þúsund tonnum. Af þorskaflanum fóru 35 þúsund tonn til Austurlands, tæp 35 þúsund til Norðurlands eystra og Suðurnesja og 33 þúsund til Vesturlands. Það má því segja að þorskaflinn skiptist jafnt á þessi fjögur landsvæði. Það sama má segja um ýsuaflann en mestu var landað af honum á Vesturlandi, tæpum 15 þúsund tonnum.

Mestu landað af flatfiski á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðið barst einna mest af flatfiski á land á árinu 2005 eða 6.500 tonn sem er 24% flatfiskaflans. Uppistaða aflans var að mestu grálúða, um 5.700 tonn.

Vel yfir helmingi uppsjávaraflans landað á Austurlandi

Um 58% af heildarafla uppsjávarfisks var landað á Austurlandi og nam aflinn 655 þúsund tonnum. Yfir 45% þess afla var loðna eða 297 þúsund tonn og 224 þúsund tonn voru kolmunni. Næst mestu var landað af uppsjávarfiski á Suðurlandi, tæpum 166 þúsund tonnum, þar af var loðna 108 þúsund tonn.

Þriðjungi skel- og krabbadýraaflans landað á Norðurlandi eystra

Þriðjungi skel- og krabbadýraaflans var landað á Norðurlandi eystra sem samsvarar 4.400 tonnum. Aflinn skiptist nokkuð jafnt á milli rækju og kúfisks eða rúm 2.000 tonn af rækju og tæp 2.400 tonn af kúfiski. Sem fyrr er humaraflinn bundinn Suðurlandi en þar var landað 1.300 tonnum sem er 65% humaraflans í heild.

Staðsetning vinnslu – hvar var aflinn unninn?¹

Austurland í fyrsta sæti í magni en í fjórða sæti í verðmæti

Samkvæmt ráðstöfunarskýrslum fiskverkenda var unnið úr mestu magni fisks á Austurlandi, tæplega 607 þúsund tonnum sem er 36% heildaraflans. Því næst kemur Norðurland eystra með 262 þúsund tonn eða 16% heildaraflans. Vestfirðir voru það landsvæði þar sem minnst var verkað af fiski en þar var unnið úr 45 þúsund tonnum. Séu verðmæti lögð til grundvallar þá var unnið úr mestum verðmætum á höfuðborgarsvæðinu eða 12,8 milljörðum sem er 19% af heildarverðmæti. Á Suðurnesjum var unnið úr 11,7 milljörðum og á Norðurlandi eystra úr 11,6 milljörðum króna. Hluttur hvors svæðis fyrir sig nemur 17% af heildar-aflaverðmæti.

Höfuðborgarsvæðið stærst í botnfiski en mest af þorski verkað á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum

Botnfiskaflinn var að mestu unninn á höfuðborgarsvæðinu eða tæp 113 þúsund tonn og eru það 23% botnfiskaflans en næst á eftir höfuðborgarsvæðinu koma Suðurnes með tæplega 89 þúsund tonn. Stærstur hluti þorskaflans fór til vinnslu á Suðurnesjum, 48 þúsund tonn eða 22% þess afla og á Norðurlandi eystra, 41 þúsund (19%). Um 23% ýsuaflans var unninn á höfuðborgarsvæðinu eða 22 þúsund tonn, einnig fór stærsti hluti ufsaaflans þangað í vinnslu, 19 þúsund tonn eða 28% og 38% karfaaflans var unnin þar eða tæp 24 þúsund tonn.

Suðurland stærst í flatfiski

Á Suðurlandi var unnið úr mesta magni flatfisks, 5.700 tonnum sem eru 21% flatfiskaflans. Þar á eftir koma Norðurland eystra með 4.700 tonn og höfuðborgarsvæðið með 4.500 tonn. Norðurland eystra tók á móti mestri grálúðu til vinnslu, 4.600 tonnum sem eru 35% aflans og 1.600 tonn af skarkola voru unnin á höfuðborgarsvæðinu, 28% þess afla.

Austurland stærst í uppsjávartegundum, með 81% af kolmunnaafla

Helmingur uppsjávaraflans var unninn á Austurlandi, þar af voru unnin 46% loðnu-aflans og 84% kolmunnaflans. Á Suðurlandi fór stærstur hluti hrognna í frystingu, tæp 4.300 tonn

Þriðjungur skel- og krabbadýraafla unnin á Norðurlandi eystra

Á Norðurlandi eystra var unnið úr 4.500 tonnum af skelfiski- og krabbadýrum sem er 32% þess afla. Aflinn á Norðurlandi eystra skiptist nokkuð jafnt á milli rækju og kúfisks. Mest rækja var þó tekin til vinnslu á Vestfjörðum eða um 2.900 tonn og á Suðurlandi var unninn stærstur hluti humaraflans eða sem nam tæpum 1.200 tonnum.

Í heild var mest verkað í Vestmannaeyjum en mest var verkað af botnfiski í Reykjavík

Reykjavík er stærsti verkunarstaður höfuðborgarsvæðisins en þar voru verkuð tæp 113 þúsund tonn, þar af var botnfiskur rúmlega 82 þúsund tonn. Á Suðurnesjum var mest unnið í Grindavík eða 99 þúsund tonn en þar af voru tæplega 44 þúsund tonn botnfiskur en 54 þúsund tonn uppsjávartegundir. Akranes var umsvifamesti verkunarstaður Vesturlands en þar voru verkuð 42 þúsund tonn. Magn botnfisks var tæplega 6 þúsund tonn en uppsjávartegundir námu tæpum 36 þúsund tonnum. Á Vestfjörðum var unnið úr mestum afla á Hnífsdal eða sem nam 11.500 tonnum og var botnfiskur uppistaða aflans eða rúm 10 þúsund tonn. Á Norðurlandi vestra var mest unnið á Siglufirði eða tæp 48 þúsund tonn. Af þeim afla voru tæplega 16 þúsund tonn botnfiskur og tæp 30 þúsund tonn uppsjávartegundir. Akureyri var stærsti verkunarstaðurinn á Norðurlandi eystra. Þar var unnið úr 135 þúsund tonnum og var uppsjávarfiskur 100 þúsund tonn en botnfiskur 29 þúsund tonn. Á Austurlandi var mestur afli verkaður á Eskifirði eða tæp 145 þúsund tonn og var stærstur hluti þess afla uppsjávarfiskur eða tæplega 142 þúsund tonn. Á Suðurlandi er líkt og árið 2004 að finna stærsta verkunarstað landsins. Í Vestmannaeyjum voru

¹ Þar með talinn afli vinnsluskipa sem gerð eru út frá svæðinu.

verkuð yfir 203 þúsund tonn. Uppistaðan í þeim afla voru uppsjávartegundir sem námu 176 þúsund tonnum en botnfiskur var 27 þúsund tonn. Af þeim tæplega 58 þúsund tonnum sem voru verkuð erlendis þá voru tæp 32 þúsund verkuð í Bretlandi, nánast eingöngu botnfiskur.

Verkun afla í heimahöfn skips

Um 61% botnfiskaflans verkuð í landi og af þeim hluta voru 33% verkuð í heimahöfn skips

Samkvæmt vigtarskýrslum ársins 2005 var 1.254 þúsund tonnum (75%) af heildarafla ársins ráðstafað til verkunar innanlands. Af þeim afla voru rúm 632 þúsund tonn (38%) verkuð í heimahöfn skips. Sé litið sérstaklega á botnfiskafla þá voru tæp 301 þúsund tonn (61%) verkuð af vinnslustöðvum innanlands en þar af voru tæp 163 þúsund tonn (33%) verkuð í heimahöfn skips. Séu verðmætustu botnfisktegundirnar skoðaðar þá kemur í ljós að af þeim þorski sem verkaður var innanlands voru 47% hans verkuð í heimahöfn skips en 25% ýsuaflans.

Tegund vinnslu

Meira af aflanum fryst um borð en í landi

Um helmingur þess afla sem íslensk skip lönduðu árið 2005 var ráðstafað til bræðslu eða tæpum 799 þúsund tonnum. Fryst um borð voru 356 þúsund tonn eða 21% aflans og 17% fóru í landfrystingu eða 287 þúsund tonn. Af botnfiskaflanum voru 149 þúsund tonn fryst í landi sem eru 30% botnfisks og 28% voru fryst á sjó eða 136 þúsund tonn.

Af þorski var mest unnið í salt og fryst í landi

Af þorskaflanum fór mest í salt, 75 þúsund tonn eða 35% aflans. Um 32% voru fryst í landi, sem gera 67 þúsund tonn og 15% eða 32 þúsund voru sjófryst.

Vel yfir þriðjungur ýsuaflans var frystur í landi

Um 35% ýsuaflans var frystur í landi eða tæp 35 þúsund tonn. Rúm 21 þúsund tonn voru send utan í gámum sem gera 22% ýsuaflans og 21% var sjófryst eða 20 þúsund tonn.

Um það bil helmingur karfaaflans sjófrystur

Karfaaflinn var að mestu sjófrystur, rúm 27 þúsund tonn eða 45%. Í landfrystingu fóru tæp 16 þúsund tonn eða fjórðungur aflans og tæp 14 þúsund tonn voru send utan í gámum sem gera 22%.

Aukaafurðir

Ríflega 28.600 tonn af aukaafurðum

Á árinu 2005 hirtu sjómenn og fiskverkendur aukaafurðir sem námu 28.600 tonnum. Hafa ber í huga að hér er átt við þyngd afurðanna sjálfra en ekki kíló af fiski upp úr sjó. Mest féll til af afskurði eða rúm 19.700 tonn, tæplega 3.400 tonn af hausum voru hirt og 2.300 tonn af hrognum. Meðal fleiri aukaafurða má nefna að hirt voru rúm 1.500 tonn af lifur og unnin 1.400 tonn af mjöli á sjó. Stærsti hluti þessara afurða fellur til vegna bræðslu eða tæp 18.900 tonn, aðallega afskurður, tæplega 16.800 tonn. Einnig bárust tæp 6.800 tonn af aukaafurðum á land af frystiskipum, aðallega fiskhausar, tæp 3.400 tonn, og afskurður, 3.000 tonn.

English summary

The total catch of Icelandic fishing vessels in 2005 was 1,669 thousand tonnes which is 59 thousand tonnes less than in 2004. The value of the catch was similar to former year or around 68 billions ISK. Whereas the eastern part of the country processed the largest proportion of the catch, mainly pelagic fish, the capital area processed catch with more value. The highest regional share of the demersal catch, almost 1/4, was also processed in the capital area, mainly in Reykjavík. The main processing method for cod was salting, while for haddock, which reached record in quantity landed, the main processing method was freezing in land-based factories. A larger share of the herring catch was frozen in 2005 than 2004 and the increase can be noticed in both herring frozen at sea and in land-based factories.

The data published in the tables are based on weight and processing reports, collected from fish buyers by the Icelandic Directorate of Fisheries.

Tafla 1. Afli íslenskra fiskiskipa eftir fiskveiðisvæðum og fisktegundum 2005*Table 1. Catch of Icelandic vessels by fishing area and species 2005*

Tonn Tonnes		Íslandsmið <i>Iceland grounds</i>	Norsk lögsaga <i>Norwegian fishing zone</i>	Rússnesk lögsaga <i>Russian fishing zone</i>	Flæmingja- grunn <i>Flemish cap</i>	Önnur veiðisvæði <i>Other banks</i>
Samtals <i>Total</i>						
Heildarafli <i>Total catch</i>	1.668.927	1.376.037	5.206	2.098	4.154	281.431
Botnfiskafli <i>Demersal catch</i>	491.316	483.966	5.196	2.088	–	66
Þorskur <i>Cod</i>	212.456	206.376	4.346	1.734	–	–
Ýsa <i>Haddock</i>	96.580	95.839	429	313	–	–
Ufsi <i>Saithe</i>	67.736	67.274	396	1	–	66
Karfi <i>Redfish</i>	61.535	61.513	21	–	–	–
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	16.005	16.005	–	–	–	–
Steinbítur <i>Catfish</i>	15.192	15.176	2	14	–	–
Hlýri <i>Spotted catfish</i>	3.263	3.234	2	26	–	–
Langa <i>Ling</i>	4.307	4.307	–	–	–	–
Blálanga <i>Blue ling</i>	1.495	1.495	–	–	–	–
Keila <i>Tusk</i>	3.533	3.533	–	–	–	–
Langhali <i>Grenadier</i>	76	76	–	–	–	–
Tindaskata <i>Starry ray</i>	625	625	–	–	–	–
Skötuselur <i>Monk</i>	2.843	2.843	–	–	–	–
Skata <i>Skate</i>	162	162	–	–	–	–
Lýsa <i>Whiting</i>	801	801	–	–	–	–
Gulllax <i>Silver smelt</i>	4.481	4.481	–	–	–	–
Háfur <i>Spiny dogfish</i>	69	69	–	–	–	–
Hákarl <i>Greenland shark</i>	53	53	–	–	–	–
Annar botnfiskur <i>Other demersal</i>	104	104	–	–	–	–
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	27.296	27.276	11	9	–	–
Lúða <i>Halibut</i>	516	513	3	0	–	–
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	13.021	13.014	6	1	–	–
Skarkoli <i>Plaice</i>	5.794	5.789	2	3	–	–
Þykkvalúra <i>Lemon sole</i>	2.505	2.505	–	–	–	–
Langlúra <i>Witch</i>	2.324	2.324	–	–	–	–
Stórkjasta <i>Megrim</i>	147	147	–	–	–	–
Sandkoli <i>Dab</i>	2.115	2.115	–	–	–	–
